



## Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Um starfshóp og reiknilíkan vegna skýrslu innri endurskoðunar um grunnskóla frá 2019

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 5. nóvember 2020, um vinnu starfshóps við nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla Reykjavíkurborgar. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

*„Í skýrslu Innri endurskoðunar frá 2019, Úthlutun fjárhagsgramma og rekstur í grunnskólum Reykjavíkur, kom fram að við úthlutun fjárheimilda fyrir grunnskóla sé notast við ákveðið úthlutunarlíkan sem sett er fram í Excel vinnuskjali. Þetta líkan hefur verið notað í nær tuttugu ár til að áætla fjármagnsþörf skólanna. Fram kom að líkanið væri orðið mjög „plástrað“ og raunar úrelt því mikið hefur breyst í umhverfi skólanna á þessu tímabili. Í skýrslunni segir einnig að skipaður hafi verið starfshópur til að rýna aðferðafræði og reiknilíkan fyrir úthlutun á fjárheimildum fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar og koma áætlunargerðinni inn í áætlunarkerfi borgarinnar. Starfshópnum var ætlað að ljúka störfum fyrir lok ársins 2019 .*

*Nú er árinu 2020 að ljúka og óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir að fá upplýsingar um hvort þessi vinna sem starfshópnum var ætlað að ljúka fyrir lok ársins 2019 er lokið? Er nýtt reiknilíkan komið í gagn og ef svo er hvernig reynist það?”*

Í mars 2019 var settur á laggirnar starfshópur sem hafði það að markmiði að endurskoða reiknilíkan til úthlutunar fjárheimilda fyrir grunnskóla. Vinnan var umfangsmeiri en upphaflega var áætlað og skilaði starfshópurinn af sér nýju reiknilíkani um mitt ár 2020. Nýja líkanið var þróað frá grunni og mun taka við af eldra líkani. Starfshópurinn tók ekki afstöðu til forsendna við úthlutun fjárheimilda og því var ákveðið um haustið 2020 að stofna nýjan starfshóp til að útfæra og meta forsendur líkansins. Þeirri vinnu er að ljúka og í framhaldinu er stefnt að því að nýtt reiknilíkan verði notað við úthlutun fjárheimilda á komandi fjárhagsári.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*